

Skipulags- og samgönguráð

Ár 2022, miðvikudaginn 26. janúar kl. 9:00, var haldinn 126. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn með fjarfundarbúnaði. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til 1. málsl. 1. mgr. 54. gr. sbr. 4. málsl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Pawel Bartoszek, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Aron Leví Beck, Eyþór Laxdal Arnalds, Marta Guðjónsdóttir, Katrín Atladóttir og áheyrnarfulltrúarnir Anna Maria Wojtynska, Vigdís Hauksdóttir og Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn með rafrænum hætti: Ólöf Örvarsdóttir, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Björn Axelsson, Borghildur Sölvey Sturludóttir, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson, Inga Rún Sigurðardóttir og Jóhanna Guðjónsdóttir. Fundarritari var Glóey Helgudóttir Finnsdóttir.

Þetta gerðist:

(E) Samgöngumál

1. Áhrif hámarkshraðaáætlunar Reykjavíkur á Strætó, niðurstöður greiningarvinnu, kynning Mál nr. US220012

Lögð fram og kynnt skýrsla frá umhverfis- og skipulagssviði, dags. 24. janúar 2022, um áhrif hámarkshraðaáætlunar Reykjavíkur á ferðatíma Strætó.

Fulltrúar Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Þökkum ítarlega og vandaða greiningu. Niðurstöðurnar sýna að áhrif nýs hámarkshraða á flestar leiðir strætó eru hverfandi. Sú sviðsmynd sem líklegust er bendir til þess að meðaláhrifin verði á bilinu 0,1 til 2,9% af ferðatíma, sem samsvarar stærðargráðunni 5 til 58 sekúndur á hverja ferð. Það er vel ásættanlegt ef lítið er til þess mikla ávinnings sem lægri hámarkshraði hefur í för með sér fyrir nærumhverfið, loftslagið og öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Heildaráhrifin fyrir strætó gætu orðið jákvæð að því leyti að þó að ferðatími hugsanlega breytist aðeins þó lítið sé verði það meira aðlaðandi að komast að strætó og þar af leiðandi meira aðlaðandi að nota strætó.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Það gefur auga leið að um leið og hámarkshraði er lækkaður þá hægist á Strætó eins og tafirnar séu nú ekki nægar fyrir. Það þurfti ekki að gera skýrslu um það.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Beðið var um þessa vinnu m.a. af Strætó sem hafði áhyggjur af því að lækking hámarkshraða myndi hægja á Strætó. Rökrétt er að ef hraði ökutækja lækkar aukist ferðatími, fólk er lengur á leiðinni og það er ekki vegna neinna hindrana endilega heldur einfaldlega vegna að við lýði er ákveðinni hámarkshraði. Niðurstaðan er sú að lækking á hámarkshraða hefur ekki áhrif á ferðatíma Strætó, alla vega ekki mikil áhrif. Þetta kemur ekki á óvart enda er strætó varla að aka um borgina á einhverjum hraða að heitið geti. Fulltrúi Flokks fólksins veltir því upp hvort ekki eigi eftir að koma meiri reynsla á þessi mál? Eitt er að gera lærða skýrslu um málið en svo á eftir að reyna á þetta. Ýmsar aðrar breytur gætu átt eftir að spila inn í. Fulltrúi Flokks fólksins finnst þessi skýrsla flokkast undir „gæluverkefni“ og veltir fyrir sér kostnaði við vinnslu skýrslunnar.

Höskuldur Rúnar Guðjónsson samgönguverkfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

(A) Skipulagsmál

2. Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Mál nr. SN010070
Reykjavíkur, fundargerð

Lagðar fram fundargerðir embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 14. og 21. janúar 2022.

3. Miklubraut í stökk, hugmyndaleit, (01.82) Mál nr. SN210481
kynning

Kynntar tillögur og hugmyndaleit um uppbyggingu á og við áætlaðan stökk á gatnamótum Miklubrautar og Bústaðavegar.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Hönnun á Miklubraut í stökk er enn á frumstigi þó það séu komnar fram hugmyndir um uppbyggingu á yfirborði. Nú er kjörtímabilinu brátt að ljúka án þess að hönnun á stökkalausnum hafi farið fram og er því kostnaður og tími framkvæmda óljós með öllu.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Lýst er yfir miklum áhyggjum af umferðarflæði og aðkomu að Landsspítalanum þegar og ef Miklubraut verður lögð í stökk. Engar lausnir eru kynntar varðandi þau mál. Áætlað er að stökkurinn verði 1,4 km. langur. Það sjá það allir í hendi sér að þetta verður gríðarlega flókið verkefni ef af verður. Hér er ekki gætt að öryggissjónarmiðum og er það mikið ábyrgðarleysi. Hvergi er útfært hvernig neyðarakstri að Landsspítalanum verði háttað. Á fundinum voru kynntar nýjar hugmyndir um að ný samgöngumiðstöð eigi að koma þar sem mislægu gatnamótin á Hringbraut/Snorrabraut. Það skýrir sannarlega hvað Reykjavíkurborg hefur dregið lappirnar í að skapa umgjörð að byggja nýja samgöngumiðstöð á BSÍ reitnum.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Með því að setja umferðaræð í stökk má minnka helgunarsvæði vega og þar með að auka möguleika á byggingum og svæðum til ýmissa nota. Þar liggja jákvæðir möguleikar. Að leggja veg í stökk er afar dýr framkvæmd. Ef andstaða gegn svo mikilli þéttingu er mikil munu ekki koma til tekjur af lóðasölu meðfram Miklubrautinni. Vandséð er að með því að leggja veg í stökk muni umferðarflæði aukast. Ef ekki eru gerðar ráðstafanir við báða enda stokksins mun umferðarflæði ekki aukast heldur munu biðraðir aðeins færast til. Inni í stokknum munu hundruð bíla bíða. Bílvélar í hægagangi menga loft sem einhvers staðar mun þurfa að vera, en bílarnir komast á sama tíma ekkert áfram. Biðraðir bíla eru stór mengunarþáttur sem ekki er hægt að líta framhjá. Þess vegna verða að vera til áætlanir um hvert á þetta mjög mengaða útblástursloft á að fara. Er ætlunin að setja upp síur til að sía útstreymis loftið? Ef síur virka stíflast þær. Þá þarf að skipta þeim út, eða hreinsa. Einnig er mögulegt að koma menguðum lofttegundum í vatn og leiða brott. Hefur kostnaður við slíkt verið kannaður? Ekki gengur að leyfa menguðu lofti að flæða og vona að vindar dreifi því?

Ólafur Melsted verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

4. Gufunes, stofnun nýrra lóða (02.2) Mál nr. SN210807

Lagt fram bréf Landupplýsingardeildar, dags. 12. janúar 2022, til skipulagsfulltrúa þar sem óskað er eftir samþykki til að stofna tvær nýjar lóðir, Gufunesveg 19 og Gufunesveg 21. Um er að ræða afmarkanir sem ná utan um núverandi byggingar innan svæðis, að stærð 2.885 fm fyrir Gufunesveg 19 og stærð 5.508 fm fyrir Gufunesveg 21. Umræddar byggingar voru auglýstar til sölu og unnið hefur verið að kaupsamningi í kjölfarið. Lóðirnar eru teknar úr landi Gufunes. Einnig er lagt fram breytingarblað og lóðauppdrættir dags. 12. janúar 2022 og tillaga/hugmyndir arkitektastofunnar JVST ódags. að lóðamörkum, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. janúar 2022. Lagt er til að skipulags- og samgönguráð samþykki stofnun framangreindra lóða í samræmi við meðfylgjandi gögn.

Samþykkt að afmarka lóðirnar við Gufunesveg 19 og 21 á þann hátt sem umsókn og innsendar teikningar sýna.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

5. KR svæðið - Frostaskjól 2-6, (01.516.9) Mál nr. SN210824 nýtt deiliskipulag

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að nýju deiliskipulagi fyrir KR svæðið. Í tillögunni felast markmið um að bæta aðstöðu KR til íþróttar og félagsstarfsemi með byggingu íþróttar og þjónustubygginga. Auk þess eru áform um að auka fjölbreytni svæðisins með byggingu íbúða á jöðrum lóðarinnar í samræmi við markmið aðalskipulagsins samkvæmt uppdráttum ASK Arkitekta ehf. og Bj. Snæ slf. dags. 5. janúar 2022. Einnig er lagt fram minnisblað Alta dags. 28. desember 2018, drög að húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur ódags. og Samgöngumat Eflu dags. 5. nóvember 2021. Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að leggja til þéttingu byggðar á KR-svæðinu. Aðalvelli félagsins er snúið um 90 gráður og við það skapast tækifæri til byggja upp íbúðir og þjónustu á jarðhæð meðfram Flyðrugranda og Kaplaskjólsvægi. Öll viðmið um bílastæði eru í samræmi við bílastæðastefnu borgarinnar. Jafnframt er gert ráð fyrir nýju fjölnota íþróttahúsi á miðju svæðinu, sem er í takt við forgangsröðun ÍTR og ÍBR um uppbyggingu íþróttamannvirkja. Við fögnum þessum hugmyndum sem nú fara í formlegt umsagnarferli.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er fagnaðarefni að nú séu loks komnar fram hugmyndir um uppbyggingu á KR svæðinu og þær fái þá kynningu hjá íbúum. Það er mikilvægt að innviðir séu tryggðir samhliða fjölgun íbúða, enda er skortur á leikskólarýmum í vesturbænum og skólar aðþrengdir. Þá er nauðsynlegt að næg bílastæði séu til staðar fyrir íbúa og gesti.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Nú stendur til að girða KR völlinn af með íbúðabyggð. Innviðir Vesturbæjarins þola ekki þá uppbyggingu. Fyrirhugað byggingamagn er allt að 20 þúsund fermetrar meðfram Kaplaskjólsvægi og Meistaravöllum í 3-4 hæða háum byggingum sem yrðu áfastar fyrirhugaðri áhorfendastúku.

Blanda á saman uppbyggingu á svæðinu við bætingu á núverandi íþróttaðstöðu. Hér er verið að notast við Vals/Hlíðarendamódelið. Það er meiriháttar óeðlilegt að tengja uppbyggingu íþróttastarfs í borginni við þrengingarstefnu borgarstjóra með tilheyrandi skuggavarpi og skerðingu á lífsgæðum sem af því hlýst.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Skipulagsyfirvöld leggja til að samþykkja í auglýsingu tillögur sem snúa að bættri aðstöðu KR og þéttingu byggðar kringum aðstöðuna. Þessi skýrsla fjallar um viðtækar og viðamiklar breytingar á deiliskipulagi. Að sjá myndir virkar þetta nokkuð kraðak, eins og verið sé að troða byggingum á hvern blett. Búið er að ramma völlinn inn með húsum með grænum þökum sem aðeins sjást úr lofti. Hvernig verður með aðgengi/bílastæði þegar eru fjölmennir leikir? Vanda þarf hér til verka, en líta á á þetta sem fyrstu tillögur. Markmið er að bæta félagsaðstöðu sem hlýtur að vera aðalatriðið. Í ljósi tíðrar andstöðu íbúa við þéttingu byggðar má ætla að mikil umræða þurfi að vera um þessar tillögur og nú reynir á samráðsvilja meirihlutans. Nýlega hefur meirihlutinn tilkynnt að falla eigi frá þéttingaráformum við Bústaðaveg. Sama krafa gæti vel komið upp á þessu svæði. Sennilega eru flestir hlyntir einhverri þéttingu en gengið hefur verið of langt í ákafanum að þetta þannig að borgarbúum, mörgum þykir nóg um og vilja að staldrað sé við.

Páll Gunnlaugsson frá ASK arkitektum, Bjarni Snæbjörnsson frá bj.snæ arkitektum og Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

6. Reykjavíkurvegur 31, skipting lóðar (01.635.5) Mál nr. SN210827

Lögð fram umsókn Arons Inga Óskarssonar dags. 18. mars 2021 um skiptingu lóðarinnar Reykjavíkurvegur 31 í tvær lóðir nr. 31 og 31B. Einnig er lagt fram bréf Landupplýsingadeildar dags. 20. janúar 2022 ásamt breytingablaði umhverfis- og skipulagssviðs dags. 20. janúar 2022, lóðauppdraetti dags. 20. janúar 2022, afsalsbréfi dags. 24. október 1964 og skiptasamningi dags. 8. júní 1989. Þar sem málið varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda er lagt til að fallið verði frá kynningu þess með vísan til 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga.

Samþykkt að falla frá kynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

7. Hlemmur, reitur 1.240, umferðarskipulag, (01.240) Mál nr. SN210185
breyting á deiliskipulagi

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Hlemmur og nágrenni, deiliskipulag stgr. 1.240, Hlemmur og nágrenni og Hlemmur, umferðarskipulag, sem samþykkt var 19. mars 2020 í borgarráði og tók gildi við birtingu auglýsingar í B deild Stjórnartíðinda þann 7. apríl 2020. Í breytingunni felst að greinargerð deiliskipulagsins er uppfærð í samræmi við þessa breytingartillögu og fyrri breytingu, dags. 25. janúar 2021. Deiliskipulagið er samræmt við nýsamþykkt Aðalskipulag Reykjavíkur 2040. Lóðarmörkum Laugavegs nr. 107 er breytt þannig að lóðin nær eingöngu utan um núverandi hús (Hlemmur mathöll) ásamt byggingarreit A (viðbygging). Þremur nýjum lóðum er bætt inn á torgsvæðið, tvær lóðir utan um byggingarreiti C og D auk þess að stofnuð er lóð fyrir dreifistöð rafveitu við Þverholt. Byggingareitir C og D, þar

með lóðir þeirra, færðir í sundur. Bætt er við byggingareitum fyrir sorpskýli á borgarlandi og sérskilmálum um nýtingu. Byggingarreitur E fyrir djúpgáma er felldur út. Reitur undir hjólaskýli, H, á norðurhluta Rauðarárstíg stækkaður. Skerpt er á sérskilmálum byggingareita og nú lóða til að endurspeglar frekar tillögu hönnuða Hlemmtorgs. Sérými almenningsgangna og hjólastígum á Hverfisgötu er hliðrað lítillaga til að koma lóðum betur fyrir. Breyttir skilmálar fyrir setsvæði og svið. Reitur biðstöðvarsvæðis almenningsgangna breytt í byggingareit og reitur stækkaður til austurs. Bætt er við frekari upplýsingum um stöðu fornleifa á svæðinu. Byggingareit R+H við Þverholt breytt í reit R2 fyrir veitumannvirki og tæknibúnað og ný lóð, Laugavegur nr. 122, stofnuð undir reitinn. Bætt er við byggingareit fyrir almenningsalerni norðan við Hlemm, Laugaveg nr. 107. Bætt er við umfjöllun um samræmi við frumdragaskýrslu Borgarlínu lotu 1 samkvæmt uppd. Yrki arkitekta ehf. dags. 18. janúar 2022. Einnig er lögð fram greinargerð Yrki arkitekta ehf. dags. 18. janúar 2022 og hönnunarleiðbeiningar Dagný Land Design ehf. dags. janúar 2022. Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Verið er að loka á alla umferð á Hlemmsvæðinu. Því er skellt í lás fyrir fjölskyldubílum. Einungis er hægt að komast inn á Laugaveg frá Snorrabraut eftir þessar breytingar. Einnig er verið er að henda leigubílum af þessu svæði. Því er ekki verið að uppfylla markmið þessara hugmynda um að Hlemmur verði nokkurs konar samgöngumiðstöð þar sem samgöngur fyrir alla en ekki bara sumra/borgarlínufarþega séu í heiðri höfð. Verið er að breyta miðbænum í draugabæ skref fyrir skref.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Margt er gott í tillögunum. Útlitslega séð þykir sitt hverjum þegar horft er á Hlemm út frá fagurfræðilegu sjónarmiði. Götur umhverfis mætti endurbæta með t.d. hellulögn. Svæðin mætti gera mun grænna t.d. með trjágróðri í kerjum og afmarka svæði útveitingar og leiksvæði. Fulltrúi Flokks fólksins vill minna á að það er fólk sem býr við Hlemm. Stundum er eins og það gleymist því svo mikil áhersla er lögð á að byggja upp „stemninguna“. Það eru t.d. engir djúpgámar fyrir íbúa til að koma frá sér rusli. Fyrir þá íbúa sem eiga bíla er ekki vitað hvort þeir megi aka með þungar og miklar vörur/vistir upp að dyrum sínum. Það eru leiðir og leyfi fyrir fyrirtæki að afferma vörur en hvar er leyfið fyrir íbúana. Talað er um blágrænar ofanvatnslausnir. Ofanvatnslausnir er orðið tískuhugtak. Ofanvatnslausnir eru mikilvægar víða um heim, en að þær séu gerðar að einhverju aðalatriði á svæði eins og við Hlemm er hjákátlegt. Hér er næg úrkoma til að vökva plöntur í beðum og á torgum. Fulltrúi Flokks fólksins sá í gögnum að hætta er á sýkingu vegna miltisbrandsdysjar við Hlemm. Miltisbrandur er alvarlegur dýra- og mannasjúkdómur. Við uppgröft og aðra jarðvinnu á svæðinu þarf að fara mjög varlega.

Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

8. Mýrargata 21 og 23/Rétttrúnaðarkirkjan, (01.116) Mál nr. SN220043
breyting á deiliskipulagi

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits vegna Mýrargötu 21 og 23. Í breytingunni felst að sameina lóðirnar í eina lóð. Byggingarmagn helst óbreytt sem og stærð og umfang bygginganna sem helst óbreytt. Nýtingarhlutfall lóðar breytist lítillaga þar sem

tengingangur, sem þegar er heimilaður í gildandi deiliskipulagi að hámarki 50m², er talinn með í fermetrum bygginganna. Við sameiningu lóðanna verða fjögur bílastæði á lóðinni, þar af eitt fyrir hreyfihamlaða, samkvæmt uppdr. Arkiteó, dags. 20. janúar 2022. Lagt er til að framangreind tillaga að breytingu á deiliskipulagi verði samþykkt án auglýsingar eða grenndarkynningar þar sem breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og umsækjanda.

Samþykkt að falla frá kynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

9. Staðsetning hjólabrautar í Gufunesi, Mál nr. US220020
tillaga

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að hentugri staðsetningu fyrir hjólabraut í Gufunesi, dags. 20. desember 2021.

Samþykkt og vísað til meðferðar skipulagsfulltrúa.

Fulltrúar Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Staðsetning hjólabrautar í Gufunesi hefur verið endurskoðuð eftir að lagst hefur verið yfir staðarvalið í samráði við notendur. Þetta eru fyrirmyndarvinnubrögð og ánægjulegt er að jákvæð lausn sem sátt er um hafi orðið niðurstaðan. Það verður gleðilegt að taka næstu skref í málinu en kallað hefur verið eftir hjólabraut á svæðinu af íbúum, meðal annars í gegnum Hverfið mitt.

Þórólfur Jónsson deildarstjóri Náttúru og garða og Atli Steinn Árnason frístundafræðingur taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

(B) Byggingarmál

10. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423
fundargerð

Lagðar fram fundargerðir afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1146 frá 11. janúar 2022 og nr. 1147 frá 18. janúar 2022.

(C) Ýmis mál

11. Erindi íbúaráðs Grafarvogs vegna Mál nr. US220003
vegtengingar við Gufunes - MSS2110024

Lagt fram bréf íbúaráðs Grafarvogs, dags. 17. janúar 2021, um bókun fulltrúa íbúaráðsins um svar umhverfis- og skipulagssviðs við fyrirspurn íbúaráðs Grafarvogs um afgreiðslu skipulags- og samgönguráðs á deiliskipulagstillögu um vegtengingu við Gufunes.

Fulltrúar Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Ekki þótti unnt að bregðast við ábendingum íbúaráðsins en samgöngutengingarnar inn í hverfið á þessum stað voru taldar skynsamlegasta lausnin. Þær stytta leiðir inn í hverfið og auka t.d.

möguleika á almenningssamgöngum sem mikið hefur verið kallað eftir. Eðlilegt er að horft verði til öryggis allra vegfarenda þegar gatnamót hins nýja vegar í Gufunesið og Strandvegur verða endanlega hönnuð.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Lögð er fram leiðrétt bókun fulltrúa í íbúaráði Grafarvogs vegna svars við fyrirspurn um afgreiðslu skipulags- og samgönguráðs á deiliskipulagstillögu um veltengingu við Gufunes. Fulltrúi Flokks fólksins styður þessa bókun og hvetur borgaryfirvöld til að endurskoða málið í heild sinni. Þarna er krafist úrbóta og hafa verið lagðar fram tillögur til þess fallnar að bæta öryggi og flæði núverandi vegar og gatnamóta. Í bókun segir að ekkert hafi verið hlustað á framlögð rök. Nú reynir á meirihlutann að gera einmitt það sem hann segist alltaf vera að gera „að hlusta á borgarbúa/íbúa.

12. Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta, um að stytta afgreiðslutíma þeirra tillagna sem ungmenni leggja fram á árlegum borgarstjórnarfundi og að upplýsingar um útvinnsluferlið verið aðgengilegar Mál nr. US210372

Lagt fram til upplýsinga bréf forsætisnefndar Reykjavíkur dags. 9. desember 2021 þar sem fram kemur að samþykkt hefur verið að stytta afgreiðslutíma þeirra tillagna sem fulltrúar í ungmennaráði leggja fram á árlegum borgarstjórnarfundi og að upplýsingar um útvinnsluferlið verið aðgengilegar. Einnig er lögð fram umsögn Forsætisnefndar dags. 2. desember 2021, verklagsreglur skrifstofu borgarstjórnar um fundi og meðferð tillagna Reykjavíkurráðs ungmenna dags. 13. febrúar 2015 og bréf Forsætisnefndar dags. 16. júní 2021.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins styður heilshugar tillögu fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta um að stytta afgreiðslutíma tillagna þeirra sem ungmenni leggja fram á árlegum fundi borgarstjórnar og að upplýsingar og úrvinnsluferlið verði aðgengilegar. Tafir á afgreiðslu mála og ógegnsæi í úrvinnsluferli borgarinnar er stórt vandamál nánast hvert sem litið er innan borgarkerfisins. Þó er þetta einmitt eitt af því sem þessi meirihluti lofaði að laga svo um munaði. Það hefur oft tekið heila eilífu fyrir svið/nefndir Reykjavíkurborgar að afgreiða umsagnir þannig að málin geta aftur komið á dagskrá til afgreiðslu. Dæmi eru um að meira en eitt ár og jafnvel eitt og hálf ár hafi liðið frá því að tillaga er lögð fram og þar til hún kemur til afgreiðslu á fundi. Fulltrúi Flokks fólksins hefur skilning á að þetta taki einhvern tíma enda mikið af málum sem lögð eru fram en heilt ár og meira er of mikið. Þá eru málin iðulega búin að missa marks, jafnvel orðin úrelt. Vonandi mun afgreiðslutími almennt séð styttest, hvaðan svo sem þau berast, frá ungmennaráðum, borgarbúum eða frá kjörnum fulltrúum ef því er að skipta.

13. Bergstaðastræti 81, kæra 168/2021, (01.196.4) Mál nr. SN210788
umsögn
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 24. nóvember 2021 ásamt kærudags. 23. nóvember 2021 þar sem kærð er synjun byggingarfulltrúa Reykjavíkur frá 16. nóvember 2021 um leyfi til að gera bílageymslu með tilheyrandi innkeyrslu frá götu við suðaustur lóðarmörk, og að þak bílageymslu verði hluti af efri verönd lóðar húss á lóð nr. 81 við Bergstaðastræti. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 7. janúar 2022.

14. Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, Mál nr. SN190323
íbúðarbyggð og blönduð byggð, tillaga

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 22. desember 2021 vegna samþykktar borgarstjórnar frá 21. desember 2021, með 12 atkvæðum gegn 10 atkvæðum, á 1. lið fundargerðar borgarráðs frá 16. desember 2021; uppfærsla á aðalskipulagi Reykjavíkur til 2040.

15. Tillaga fulltrúa Viðreisnar, Mál nr. US210257
Samfylkingarinnar og Pírata, um bættar göngutengingar í Gamla-Vesturbænum

Lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 19. nóvember 2021.

Samþykkt að vísa til fjárhagsáætlunargerðar. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Vert er að skoða bættar göngu- og hjólatengingar í Vesturbænum. Í því samhengi er rétt að halda í gönguleið í Vesturbugt við gömlu höfnina. Rétt er að skoða þessar leiðir vandlega þannig að samgöngur verði greiðari í heild fyrir alla fararmáta.

16. Fyrirspurnir áheyrnarfulltrúa Mál nr. US210199
Miðflokksins, um ýmsan kostnað,
umsögn - USK21120114

Lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 30. nóvember 2021, ásamt minnisblaði Faxaflóahafna dags. 26. nóvember 2021.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Hér er að finna samantekt á því hvaða verktakar unnu eftirtalin verkefni, hvað þeir fengu greitt og hvað verkin fóru fram úr kostnaðaráætlunum: Bragginn, Nauthólsvegi 100, vitinn Sæbraut, Gröndalshús, endurbætur á Hlemmi – síðar mathöll, Grandinn – síðar mathöll, Fossvogsskóli, húsnæði Adam og Evu og Safamýri 5, sem áætlað er að breyta í leikskóla. Svarið er að finna hér og eru allar slóðir virkar í skjalinu. https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/fyrirspurnir_aheyrnarfulltrua_midflokksins_um_ymсан_kostnad_svar.pdf

17. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur Mál nr. US210365
fram svohljóðandi fyrirspurnir,
um hraðahindranir

Í Reykjavík eru hraðahindranir í nokkrum útgáfum, stundum þrenging, stundum einstefna þar sem einn og einn bíll fer í gegn í einu og stundum koddar/bungur í mismunandi gerðum. Farið er eftir norskum leiðbeiningum í þessu efni.

Verið er að setja tugi af alls konar hraðahindrunum um þessar mundir.

Spurt er um fjölda og gerð þeirra hraðahindrana sem verið er að gera núna (sem eru í vinnslu) og kostnað?

Hvað er fyrirhugað að setja margar hraðahindranir árið 2022?

Hvernig gerðar eru þær?

Hver er fyrirhugaður kostnaður?

Hvað margar af þessum hraðahindrunum eru einskorðaðar við 30 km götur?

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

18. Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflökks Íslands Mál nr. US210345
leggur fram svohljóðandi fyrirspurn,
um byggingarmagn lóða þar sem
bensínstöðvar munu víkja

Hvert er byggingarmagn á þeim reitum þar sem nú eru bensínstöðvar en fyrirhugað er að íbúðir og önnur þjónusta komi á svæðin? Óskað er eftir yfirliti skipt út frá þeim lóðum sem tilgreindir eru í minnisblaði nefnt: Fækkun bensínstöðva - áfangaskil samningaviðræðna við rekstraraðila og lóðarhafa eldsneytisstöðva í Reykjavík um uppbyggingu á ýmsum lóðum, lagt fram í borgarráði 24. júní 2021.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.

19. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur Mál nr. US220021
fram svohljóðandi fyrirspurn,
um hæð byggingar á Ægissíðu

Í samningsmarkmiðum Reykjavíkurborgar á uppbyggingarsvæðum sem samþykkt er af borgarstjóra er sagt að leggja skuli áherslu á gæði og gott umhverfi og varðveita staðaranda og yfirbragð byggðar. Telja skipulagsyfirlit í borginni að allt að 5 hæða fjölbýli í lágstemmdari byggð Ægissíðu falli undir þessi samningsmarkmið Reykjavíkurborgar?

Frestað.

20. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur Mál nr. US220022
fram svohljóðandi fyrirspurn,
um kostnað vegna skýrslu

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um heildarkostnað greiningarvinnu og skýrslugerðar umhverfis- og skipulagssviðs um áhrif hámarkshraðaáætlunar Reykjavíkur á ferðatíma Strætó. Um var að ræða innanhúsvinnu. Óskað er eftir upplýsingum um tímafjölda sem fór í verkið og annan kostnað sem og heildarkostnað. Beðið var um verkið af meirihlutanum og Strætó sem hafði áhyggjur af því að lækkun hámarkshraða myndi hægja á Strætó.

Frestað.

21. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur Mál nr. US220023
fram svohljóðandi fyrirspurn,
um Smyrilshlíð

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um fyrirhugaðar breytingar á skipulagi í Smyrilshlíð 2 (n.t.t. íbúð 502) og hvernig grenndaráhrif hún muni hafa? Einnig hvaða áhrif mun breytingarnar muni hafa á birtu/skuggavarp.

Frestað.

22. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram Mál nr. US220024
svohljóðandi tillögu, um skoðanakönnun á
meðal íbúa Skerjafjarðar

Lagt er til að gerð verði skoðanakönnun meðal íbúa Skerjafjarðar vegna fyrirhugaðrar landfyllingar og uppbyggingaráforma á flugvallarsvæðinu. Skapað hefur verið fordæmi fyrir slíkri könnun á viðhorfi íbúa til

skipulagsáforma með Gallup könnun sem gerð var nýlega meðal íbúa í Háaleitis- og Bústaðahverfi. Til að gæta jafnræðis meðal íbúa borgarinnar er rétt að slík könnun fari einnig fram vegna skipulagsáforma í Skerjafirði.

Tillögunni fylgir greinargerð
Frestað.

23. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn, um lýsingu við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Sæbrautar Mál nr. US220025

Við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Sæbrautar við Kirkjusand eru birtuskilyrði fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur slæm sem kann að hafa leitt hafa til alvarlegra slysa. Í einu slysinu hjólaði ökumaður á rafskútu sem lá þvert á hjólastíginn og sást illa í myrkrinu. Stendur til að bæta öryggi hjólandi og gangandi á þessum slóðum með bættri lýsingu til að tryggja öryggi hjólandi og gangandi vegfarenda?

Frestað.

24. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu, varðandi íbúa við Hlemm Mál nr. US220026

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að fundinn verði staður fyrir djúpgáma við Hlemm. Við Hlemm býr fólks sem átt hefur í mesta basli með að koma frá sér sorpi. Einnig er lagt til að íbúum Hlemm verið gefið formlegt leyfi til að aka bíl sínum upp að dyrum til að afferma vörur/vistir eða ef flytja þarf þunga hluti inn á heimilið.

Tillögunni fylgir greinargerð.
Frestað.

**Fleira gerðist ekki.
Fundir slitið kl. 12:18**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Pawel Bartoszek

Dóra Björt Guðjónsdóttir
Hjálmar Sveinsson
Marta Guðjónsdóttir

Aron Leví Beck
Eyþór Laxdal Arnalds
Katrín Atladóttir

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2022, þriðjudaginn 11. janúar kl. 10:10 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1146. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags og samgönguráð. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Sigrún Reynisdóttir, Vífill Björnsson, Nikulás Úlfar Másson, Jón Hafberg Björnsson, Edda Þórsdóttir, Olga Hrund Sverrisdóttir og Björgvin Rafn Sigurðarson. Fundarritari var Björgvin Rafn Sigurðarson.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. Aðalstræti 10 (11.365.04) 100594 Mál nr. BN060411
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi þannig að dyraop er stækkað, hurðir eru fjarlægðar og eldvarnarskilgreiningar uppfærðar á 1. hæð í skrifstofu- og verslunarhúsi á lóð nr. 10 við Aðalstræti.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
2. Akrasel 6 (49.430.06) 113006 Mál nr. BN060330
Gunnhildur Björg Ívarsdóttir, Akrasel 6, 109 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að afmörkunar á tveimur sérnotaflötum og einum sameignarfleti á lóð við hús á lóð nr. 6 við Akrasel.
Stærð: Óbreytt.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda í húsi dags. 17. september 2021.
Gjald kr.12.100
Frestað.
Lagfæra skráningu.
3. Austurbakki 2 (11.198.01) 209357 Mál nr. BN060394
630109-1080 Reginn hf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í flokki II, teg. a fyrir 98 gesti í rými 0102 í mhl. 05 á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
4. Ártúnsh. (40.5--.99) 110554 Mál nr. BN060419
581096-2919 Malbikunarstöðin Höfði hf., Sævarhöfða 6-10, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til niðurrifs matshluta 01, 05, 22, 23, 24, 27 og 70, jafnframt annars búnaðar s.s. asfalt lagna og birgðageymslu á lóðinni Ártúnsh. við Sævarhöfða 6-10.
Niðurrif er: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Erindi fylgir afrit tölvupósts dags. 4. janúar 2022.
Gjald kr.12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
5. Bíldshöfði 18 (40.650.02) 110672 Mál nr. BN060349
480207-0760 Fasteignafélagið GS ehf, Bíldshöfða 18, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum þannig að gerð hefur verið lokað er á milli rýmis 0104 og 0105 og tímabundin opnun á milli rýma 0105, 0106 og 0107 í mhl. 01 á lóð nr. 18 við Bíldshöfða.

Erindi fylgir skýrsla um húsaskoðun dags. 10. janúar 2022 og samþykki eigenda mhl. 01 dags. 15. nóvember 2021.

Gjald kr. 12.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar. Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi.

6. Bjargarstígur 17 (11.841.05) 102015 Mál nr. BN060335

Fannar Snær Harðarson, Bjargarstígur 17, 101 Reykjavík

Hildur Sveinsdóttir, Bjargarstígur 17, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir fyrirhuguðum viðgerðum og breytingum, þ.e. anddyri á suðurhlíð er hækkað og komið fyrir stiga, kvistur settur á norðurhlíð með aðgengi út á þak til norðurs, múrhúðin verði fjarlægð af veggjum og gaflar klæddir listasúð á húsi á lóð nr. 17 við Bjargarstíg.

Stækkun : xx,x ferm., xx,x rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga hönnuðar dags. 1. desember 2021 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 22. desember 2021.

Gjald kr.12.100

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa vegna þaksvala.

7. Blikastaðavegur 2-8 (24.961.01) 204782 Mál nr. BN060370

581011-0400 Korputorg ehf., Tunguhálsi 6, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058983 vegna lokaúttektar sem felst í því að ?? hefur verið breytt í húsi á lóð nr. 2-8 við Blikastaðaveg.

Stækkun : XX ferm., XX rúmm.

Gjald kr. 12.100

Frestað.

Vísað til athugasemda.

8. Blikastaðavegur 10 (23.---.99) 109211 Mál nr. BN060296

501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

540269-6459 Ríkissjóður Íslands, Vegmúla 3, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja staðsteypta spennistöð, með þrjú aðskilin spennirými, á norðaustur hluta lóðar nr. 10 við Blikastaðaveg.

Spennistöð stærð: 325,8 ferm., 3.781,4 rúmm.

Gjald kr. 12.100

Frestað.

Vísað til athugasemda.

9. Borgartún 6 (12.200.02) 102778 Mál nr. BN060294

620402-3110 Mýrarrauði ehf., Kópavogsbraut 20, 200 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN058905, þannig að hætt er við svalir fyrir íbúðir 0401 og 0402 og er vísað til svala í turni auk þess sem gerðar eru breytingar á innra skipulagi íbúða í húsi á lóð nr. 6 við Borgartún.

Gjald kr.12.100

Frestað.

Lagfæra skráningu.

10. Bólstaðarhlíð 5 (12.702.11) 103588 Mál nr. BN060406
Ólafur Eiríkur Þórðarson, Bólstaðarhlíð 5, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi íbúðar 0201, fjarlægja hluta af burðarvegg, færa eldhús, bæta við herbergi og breyta glugga í hurð að svölum 0204 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 5 við Bólstaðarhlíð.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 22. desember 2021 ásamt árituðu A3 afriti af innlagðri teikningu dags. 20. desember 2021 og yfirliti breytinga á A3 afriti af aðalteikningu samþykktri 25. febrúar 2003.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
11. Bríetartún 7 (12.200.06) 102782 Mál nr. BN060400
690981-0259 Ríkiseignir, Borgartúni 7a, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN058859 vegna lokaúttektar, þannig að brunakröfum hurða er breytt og málsetningar uppfærðar til samræmis við raunmælingar á 4. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 7 við Bríetartún.
Erindi fylgir yfirlitbreytinga á A3 afriti af aðaluppdráttum með breytingu A dags. 7. desember 2021.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
12. Bríetartún 7 (12.200.06) 102782 Mál nr. BN060401
690981-0259 Ríkiseignir, Borgartúni 7a, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN056078 vegna lokaúttektar, þannig að brunakröfum hurða er breytt og málsetningar uppfærðar til samræmis við raunmælingar á 2. og 3. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 7 við Bríetartún.
Erindi fylgir yfirlitbreytinga á A3 afriti af aðaluppdráttum með breytingu A dags. 7. desember 2021.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
13. Brúnavegur 4 (13.801.01) 104726 Mál nr. BN059937
Arna Sigríður Mathiesen, Noregur.
Sótt er um leyfi til að breyta núverandi bílgeymslu, mhl. 02, í breytingunum felst endurnýjun hluta hennar, breyta þakformi, einangra útveggi og klæða, breyta gluggum, setja hurð á suðurhlíð og vesturhlíð í stað glugga, gluggum bætt við á gafla norður og suðurhlíðar, komið fyrir baðherbergi og hluti bílgeymslunnar verði vinnustofa við hús á lóð nr. 4 við Brúnaveg.
Stækkun : xx,x ferm., xx,x rúmm.
Erindi fylgir yfirlýsing hönnuðar vegna umboð eigenda dags. 15. september 2021, afrit tryggingarbréfs dags. 16. desember 2020, greiðslustaða dags. 15. október 2021 og afrit starfsábyrgðartryggingu dags. 13. október 2021.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 7. janúar 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. janúar 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 10. janúar 2022.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 7. janúar 2022.
14. Bugðulækur 18 (13.443.07) 104040 Mál nr. BN059978
Friðleifur E Guðmundsson, Bugðulækur 18, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja tvöfaldan staðsteiptan bílskúr á norðaustur hluta lóðar með hurð og glugga út á borgarland á lóð nr. 18 við Bugðulæk. Erindi fylgir samþykki sumra eigenda á Bugðulæk 18 og 20 dags. 22. september 2021 og ódagsett bréf frá hönnuði um aðkomu frá borgarlandi. Stærði bílskúra er: 58,2 ferm., 220,8 rúmm. Gjald kr. 12.100 Frestað. Vísað til athugasemda.

15. Bæjarflöt 1-3 (25.760.01) 172493 Mál nr. BN060369
580607-0390 Bæjarflöt ehf., Stigahlíð 45, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN032346, reyndarteikningar vegna athugasemda lokaúttektar dags. 25. nóvember 2021, helstu breytingar eru, á fyrstu hæð er útgangshurð á suðurhlið fjarlægð og bætt er við snyrtingu í austurenda, á annarri hæð eru gerðar breytingar á aðstöðu starfsmanna og komið fyrir fallvörn geymslulofts 0104 í húsi á lóð nr. 1-3 við Bæjarflöt. Stækkun er: xx,x ferm., xx,x rúmm. Gjald kr.12.100 Frestað. Vísað til athugasemda.
16. C-Tröð 1 (47.654.01) 112483 Mál nr. BN060393
591112-0820 Heimahagi Hrossarækt ehf., Hafnarstræti 97, 600 Akureyri
Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu til suðurs ætluð undir tamningaraðstöðu, undirstöður eru steiptar, burðarvirki þaks og útveggja er timbur, jafnframt er hluta gólfs núverandi húsnæðis lyft í húsi á lóð nr. 1 við C-Tröð í Víðidal. Stækkun : xx,x ferm., xx,x rúmm. Gjald kr.12.100 Frestað. Vísað til athugasemda.
17. Drafnarstígur 3 (11.342.15) 100341 Mál nr. BN060047
Þorsteinn Máni Hrafnsson, Kanada.
Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu til austurs ásamt því að breyta innra skipulagi í einbýlishúsi á lóð nr. 3 við Drafnarstíg. Stækkun: 70,2 ferm., 224,5 rúmm. Eftir stækkun: 215,4 ferm., 563 rúmm. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 27. júlí 2021. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. desember 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2021. Gjald kr. 12.100 Frestað. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa í grenndarkynningu. Vísað til uppdráttar nr. A1-00.01, A1-01.01, A1-02.01, A1-03.01 dags. 30. september 2021.
18. Drekaogur 18 (14.150.01) 105146 Mál nr. BN058999
Guðmundur Þór Guðmundsson, Drekaogur 18, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja gróðurhús við suðurhlið bílskúrs, breytingar á innra skipulagi kjallara og gerð er grein fyrir áður gerðri 21,9 ferm. viðbyggingu við vesturhlið bílskúrs á húsi nr. 18 á lóð nr. 18 við Drekaog. Stækkun er: 48,1 ferm., 178,8 rúmm. Erindi fylgir samþykki nágretta, eigenda húss nr. 20 við Drekaog dags. 27. febrúar 2021, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. september 2017, yfirlit breytinga, aðaluppdráttur nr. 1.1-01 útg.A dags. 27. mars 2021.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. apríl 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. apríl 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 26. apríl 2021.

Skýrsla húsaskoðunar dags. 5. október 2021 og umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 12. nóvember 2021.

Gjald kr.12.100

Frestað.

Málinu vísað til skipulagsfulltrúa í grenndarkynningu.

Vísað til uppráttu nr. 1.1-01 dags. 10. janúar 2022.

19. Engjateigur 17-19 (13.673.03) 104714 Mál nr. BN060348

591289-3309 Heilsan 20.1 ehf., Barðastöðum 67, 112 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að koma fyrir pítsuofni, útlofunarröri frá honum upp á þak og koma fyrir gasgeymslu við suðurhlið veitingarstaðarins í fl. II, tegund A, fyrir ?? gesti, í húsi á lóð nr. 17-19 við Engjateig.

Erindi fylgir samþykki sumra dags. 27. nóvember 2021 og bréf frá hönnuði dags. 21. desember 2021.

Gjald kr. 12.100

Frestað.

Vísað til athugasemda.

20. Frakkastígur 27 (11.920.01) 102508 Mál nr. BN057766

690981-0259 Ríkiseignir, Borgartúni 7a, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir nýrri flóttahurð í vesturenda, nýjum stiga upp fjórar hæðir í enda gangs í suðvesturenda, utanhúss stálstiga frá hársnyrtideild á 2. hæð á suðvesturhlið sem og breytingar á innra skipulagi, einnig er sótt um áður gerðar breytingar, samkvæmt yfirliti yfir breytingar, í húsi á lóð nr. 27 við Frakkastíg.

Erindi fylgir bréf hönnuðar, húsaskoðun dags. 1. nóvember 2021 og yfirlit breytinga mótt. 1. júlí 2020.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa vegna nýss stiga upp fjórar hæðir í enda gangs í suðvesturenda, utanhúss stálstiga frá hársnyrtideild á 2. hæð á suðvesturhlið sem og breytingar á innra skipulagi.

21. Gerðarbrunnur 46 (50.547.02) 206061 Mál nr. BN060415

Hálfván Kristjánsson, Furuás 1, 221 Hafnarfjörður

Sótt er um leyfi til þess að byggja steinsteypt einbýlishús á tveimur hæðum með aukaíbúð og innbyggðum bílskúr á lóð nr. 46 við Gerðarbrunn.

Stærðir: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Gjald kr. 12.100

Frestað.

Ófullnægjandi gögn.

22. Grensásvegur 13 (14.650.01) 105680 Mál nr. BN060412

621101-5010 Útlitslækning ehf, Grensásvegi 13, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi þriðju hæðar, þ.e. breytt læknastofum í skurðstofur og vöknun í húsi á lóð nr. 13 við Grensásveg. Stækkun er: xx,x ferm., xx,x rúmm.

Gjald kr.12.100

Frestað.

Vísað til athugasemda.

23. Grettisgata 5 (11.715.06) 101422 Mál nr. BN059771
420498-3229 Hótel Frón ehf., Laugavegi 22a, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi íbúðar 0202, þannig að þar verða tvær íbúðir, í húsi á lóð nr. 5 við Grettisgötu.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 7. janúar 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. janúar 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 10. janúar 2022.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
24. Grjótháls 7-11 (43.040.01) 111019 Mál nr. BN060396
490911-2510 G7-11 fasteignafélag ehf., Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058716 þannig að gerð er grein fyrir lítills háttar breytingum á stigum að millipalli, komið hefur verið fyrir spennum á gaffli mhl. 01 og texta um brunavarnir í byggingarlýsingu hefur verið breytt í atvinnuhúsi á lóð nr. 7-11 við Grjótháls.
Erindi fylgir yfirlit breytinga og brunahönnun frá Örugg, verkfræðistofu dags. 29. nóvember 2021.
Stækkun mhl. 02: 64,3 ferm., 53,4 rúmm.
Mhl. 02 eftir stækkun: 7.142,5 ferm., 50.571,6 rúmm.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.
25. Gufunesvegur 10 (22.260.01) 108956 Mál nr. BN060304
510588-1189 SORPA bs., Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta notkun, útliti og innra skipulagi mhl. 02, í breytingunum felst að notkun neðri hæðar verði breytt úr efnamóttöku í lager, breyta og bæta við gluggum og starfsmannaaðstöðu sem þjóna skal öllum starfsmönnum stöðvarinnar í húsi á lóð nr. 10 við Gufunes.
Stærð : Óbreytt.
Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 30. nóvember 2021 og yfirlit breytinga unnið á afrit aðaluppdráttu sem samþykktir voru þann 10. apríl 2001.
Gjald kr.12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Askilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
26. Hallgerðargata 13 (13.495.01) 225433 Mál nr. BN060302
551214-0600 105 Miðborg slhf., Hagasmára 3, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að innrétta apótek í rými 0102 og er kaffisala fl. I tegund Kaffihús í rými 0118 stækkað, í húsi á lóð nr. 13 við Hallgerðargötu.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 20. desember 2021.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Lagfæra skráningu.
27. Hjallasel 19-55 (49.603.01) 113076 Mál nr. BN060293
510497-2799 Félagsbústaðir hf., Þönglabakka 4, 109 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að fjölga fasteignum úr einni í 66 í matshluta 19, húsi nr. 55 á lóð nr. 19-55 við Hjallasel.

Stærðar breyting er frá eldri skráningu og töflu meðfylgjandi erindi: 503,5 ferm., 368,2 rúmm.
Erindi fylgir tölvupóstur ráðgjafa vegna kvaðar eigna dags. 30. nóvember 2021.
Gjald kr.12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.

28. Hjarðarhagi 2-6 (15.524.01) 106511 Mál nr. BN060229
600169-2039 Háskóli Íslands, Sæmundargötu 2, 102
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059216, þ.e. lyftubygging færð frá húsi um 80 cm, eldhús og kaffistofa færð og þar með sýningarsalur stækkaður og burðarvirki lyftuhúss breytt úr steypu í stálvirki í húsi nr. 5 á lóð nr. 2-6 við Hjarðarhaga.
Stærðar breyting: -1,0 ferm., -4,0 rúmm. Stærðir eftir breytingu: 501,4 ferm., 1.149,3 rúmm.
Erindi fylgir afrit tölvupósts starfsmanns Minjastofnunar Íslands dags. 11. nóvember 2021 og yfirlit breytinga dags. 20. apríl 2021.
Gjald kr.12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
29. Hjarðarhagi 54-58 (15.444.01) 106455 Mál nr. BN060404
651186-1539 Hjarðarhagi 54-58, húsfélag, Hjarðarhaga 54, 107 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta eignarhaldi herbergis og sameina rými 0501 og 0502 í eina fasteign undir 0501 í samræmi við meðfylgjandi grunmynd fyrir gerð eignaskiptayfirlýsingar fyrir hús á lóð nr. 54-58 við Hjarðarhaga.
Stærð: Öbreytt.
Erindi fylgir samþykki eigenda dags. 15. október 2021.
Gjald kr.12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
30. Hólmasund 2 (14.111.02) 180216 Mál nr. BN060368
420369-6979 Brynja, Hússjóður Öryrkjabandal, Hátúni 10c, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN056896, þannig að lýsing á þakdúki er breytt, komið er fyrir þakglugga á reiðhjólaskýli og á sorpi, jafnframt sem gerð er ný hurð á sorpgeymslu á lóð nr. 2 við Hólmasund.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
31. Hringbraut 119 (15.203.01) 105924 Mál nr. BN058517
Rafn Guðmundsson, Bárugata 30A, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta núverandi verslunarhúsnæði í tvær minni verslanir og setja nýja útidyrhurð á austurhlið húss á lóð nr. 119 við Hringbraut.
Erindi fylgir mæliblað útg. 25. október 1983, yfirlit breytinga og umboð eigenda til breytinga dags. 13.xx.xxxx.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
32. Hringbraut Landsp. (11.989.01) 102752 Mál nr. BN059637
500810-0410 Nýr Landspítali ohf., Skúlagötu 21, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja rannsóknarhús nýs Landspítala, mhl.44, hús 22, við Hringbraut. Þyrlupallur og tengingar eru ekki hluti af umsókn.

Stærðir: 17.542 ferm., 93.950.2 rúmm.

Erindi fylgir bréf Gunnars Svavarssonar framkvæmdarstjóra nýs Landspítala vegna brunahönnunar dags. 15. desember 2021.

Gjald kr. 12.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

33. Hringbraut Landsp. (11.989.01) 102752 Mál nr. BN059900

500810-0410 Nýr Landspítali ohf., Skúlagötu 21, 101 Reykjavík

